

Ed.

556. Tillaga

til þingsályktunar um ábúð jarða.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi endurskoðaða ábúðarlöggjöf, og í sambandi við það athuga, hvort ekki sje tiltækilegt að lögleiða erfðaábúð á jörðum, sem eru rikiseign.

Ástæður.

Gildandi lög um ábúð jarða eru nú hartnær 40 ára gömul og lítt viðunandi. Er auðsætt, að brýn þörf er á því að endurbæta þau. Slík endurskoðun verður að framkvæmast af stjórninni. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Sú skoðun hefir komið fram, að rjett sje að lögleiða erfðaábúð á þjóðjörðum, og virðist sjálfsgt, að slíkt sje athugað í sambandi við endurskoðun ábúðarlaganna.